Handrit fyrir kynna í efstu deildum 2026-2027

Uppfært eftir leiðbeiningum CEV, okt 2026

14 mín fyrir leik. Á meðan upphitun stendur má (ekki nauðsynlegt) kynna leikmannalista beggja liða. Ávallt skal byrja á að kynna gestaliðið.

4 mín fyrir leik flauta dómarar og leikmenn fara út af vellinum.

3,5 mín fyrir leik raða lið sér á endalínu síns vallarhelmings.

Kynna skal deildina og hvaða lið eru að mætast

Dæmi: Góðan daginn og verið velkomin í íþróttahúsið _____ þar sem lið _____(gestalið)___ mætir heimaliði _____ í Unbrokendeild/ 1.deild kvenna/karla.

Lið fara svo að neti og heilsast.

2 mín fyrir leik (strax í framhaldi) eru dómarar kynntir

Dæmi: Aðaldómari leiksins er _____ og aðstoðardómari _____.

1,5 mín fyrir leik er byrjunarliðin kynnt ásamt þjálfara (gestalið fyrst).

Við kynnum til leiks byrjunarlið ____(gestalið)_____ númer xx _(nafn)___...,númer xx__(nafn)___.... og frelsingi númer xx __(nafn)__. Þjálfari __(gestalið)_____ er ___(nafn)____.

Svo sama fyrir heimaliðið.

Góða skemmtun!

Kynnar skulu einnig á meðan leik stendur:

- Tilkynna hver tók leikhlé og í hver staðan er þegar leikhlé er tekið.
  - *Dæmi: _(lið)___tekur leikhlé í stöðunni x:x (alltaf segja fyrst stig þess liðs sem tekur leikhléið).*
- Kynna skiptingar með nafni og númerum leikmanna sem skipta.
  - Dæmi: _(lið)___ gerir skiptingu í stöðunni x:x. Leikmaður númer xx ___(nafn)___ kemur inn á fyrir leikmann númer xx___(nafn)____.
- Tilkynna sigurvegara og stöðu í lok hverrar hrinu og í lok leiks.
  - Dæmi _(lið)___ vinnur hrinuna x:x og leiðir leikinn x:x.